

Kjalnesingur

6. tbl. 12. árg.

Fréttabréf Íbúasamtaka Kjalarness

20. desember 2012

Viðburðaríku ári er að ljúka og á nýju ári er fyrsta verkefni Íbúasamtaka Kjalarness eins og oft áður að hvetja íbúa til aukinnar þátttöku í starfi því margar hendur vinna létt verk.

Aðalfundur ÍK verður að óbreyttu haldinn í lok janúar en þá þarf að fara yfir og endurskoða stefnumörkun ÍK. Íbúasamtök eru mikilvægur hlekkur þar sem hægt er að nýta samtakamátt einstaklinga til góðra verka eins og mörg dæmi eru um á Kjalarnesi. Við höfum lagt áherslu á að stjórn ÍK tengist sem flestum félögum á Kjalarnesi bæði til að fá innsýn í starf þeirra ásamt því að styðja við þau ef með þarf. Því er mikilvægt að sjá sem flesta á aðalfundinum sem framundan er.

Kjalarnes.is. Auk Kjalnesings þá höldum við úti heimasíðunni kjalarnes.is. Hlutverk hennar, útlit og tilgangur eru alltaf í endurskoðun. Megin tilgangur er þó að koma efni og upplýsingum á sem skilvirkastan hátt til íbúa. Þess vegna hvetjum við alla til að skrá sig á póstlista heimasíðunnar sem lætur ykkur þá vita um nýjar fréttir eða senda okkur póst á kjalnesingur@kjalarnes.is og biðja um að vera settur á póstlistann. Samhliða heimasíðunni nýtum við fésbókina til að vekja athygli á fréttum



Íbúasamtök Kjalarness óska öllum Kjalnesingum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

Hverfapotturinn: Í upphafi þessa árs fór fram íbúakosning um verkefni í sk. hverfapotti. Í verkefni á Kjalarnesi voru alls ætlaðar kr. 9millj. Vegna þess að brýnt hefur verið fyrir okkur að ekki verði hægt að flytja fjármuni sem ætlaðir eru til verkefna í ár yfir á næsta ár. Því hafa ÍK sent fyrirspurn til hverfisráðs um þessar framkvæmdir þar sem verkefnin hafa í einhverjum tilvikum orðið að allt öðru eins og garðlönd breyttust í berjarunna, stigi við sjósundaðstöðu í flottann tréþall og rennibraut í sundlaug í eitthvað allt annað. Varðandi rennibrautina er þó tekið fram að hún verði sett upp á næsta ári. Þar sem við bíðum frekari skýringa á þessum breytingum verður nánar fjallað um þetta í fyrsta tbl. Kjalnesings á nýju ári.

og viðburðum og höldum þar úti síðunum kjalarnes.is og Fólkvangur. Biðjum við þá sem nýta fésbókina um að aðstoða okkur við að dreifa upplýsingum með því að "líka" við efni á síðunum.

Á döfinni er orðinn fastur liður en þó óreglulegur sem sendur er út u.þ.b. aðra hverja viku. Þetta eru stuttir póstar með upplýsingum um viðburði sem framundan eru á Kjalarnesi. Til nánari upplýsinga er alltaf vísað í hlekk á heimasíðu okkar. Allir eru hvattir til að skrá sig á þennan póstlista með því að senda okkur beiðni á netfangið: ik@kjalarnes.is

ÁH

Kjalnesingur

Útgefandi: Íbúasamtök Kjalarness
Ábyrgðarmaður: Ásgeir Harðarson
Netfang: kjalnesingur@kjalarnes.is

Heilsustefna Grafarvogs og Kjalarness

Vinningsnúmer í desember 2012:

1573

Vinningur í desember er jólatré í boði Skógræktarfélags Kjalarness og bók í boði Kirkjuhússins.

Vinning ber að nálgast í Miðgarði, Gylfaflöt 5.

Framvísa þarf Heilsustefnu með viðkomandi númeri til að fá vinning afhentan.

Desember vinning þarf að sækja áður en jólatréssölu lýkur.

Vinningsnúmer í nóvember 2012:

6076

Vinningur í nóvember er fjölskylduspil.

Vinning ber að nálgast í Miðgarði, Gylfaflöt 5.

Framvísa þarf Heilsustefnu með viðkomandi númeri til að fá vinning afhentan.

Ef ekki er búið að sækja vinning innan 3ja mánaða frá útdrætti fer hann aftur í pottinn.

Nóvember vinning þarf því að sækja fyrir lok febrúar 2013.

Kjalnesingur

Áætlaður útgáfutími næsta fréttabréfs Kjalnesings er í fjórðu viku á nýju ári.

Við fögnum öllu efni sem berst til okkar og reynum eftir föngum að birta það við fyrstu hentugleika.

Einnig eru allar auglýsingar afar vel þegnar ekki síst ef smávægilegur útgáfustyrkur fylgir með.

Kjalnesingur óskar öllum lesendum og velunnurum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári

Póstlistinn “á döfinni”

Íbúasamtök Kjalarness hafa haldið utan um póstlista sem telur yfir 300 netföng hjá íbúum á Kjalarnesi.

Þessi netfangalisti er nýttur til að koma skilaboðum til íbúa eða vekja athygli á viðburðum á Kjalarnesi. Ef þú hefur ekki fengið póstinn “á döfinni” frá ÍK á síðustu vikum ertu ekki á þessum póstlista.

Með því að senda póst á ik@kjalarnes.is merktur “póstlisti” verður netfang þitt skráð á þennan lista.

Prjónakaffi

Prjónakaffið er alltaf jafn vinsælt og verður það fyrsta og þriðja fimmtudag í mánuði kl. 20-22 í Fólkvangi.

Næstu prjónakaffi:

17. janúar	prjónakaffi
7. febrúar	prjónakaffi
21. febrúar	prjónakaffi

Kvenfélagið Esja

Fastir fundir eru í Fólkvangi kl. 20:00 annan miðvikudag í hverjum mánuði.

Næstu fundir eru því 9. janúar og 13. febrúar.

Félagsstarf 60 ára og eldri

Munið fundina á fimmtudögum milli kl. 15-17 í Fólkvangi.

Alltaf heitt á könnunni!

Nánari upplýsingar veitir Ingibjörg s: 695 1352.

Styrkjum björgunarsveitina Kjöl

Flugeldasala frá 28. desember

Viðtalstími hverfisráðs

Hverfisráð Kjalarness bíður upp á viðtalstíma í Fólkvangi milli kl. 18 og 19. fyrsta fimmtudag í hverjum mánuði.

Þessir viðtalstímar eru góður vettvangur fyrir íbúa til að koma ábendingum á framfæri við borgarkerfið.

Skráðu þig á póstlistann

Vefur okkar Kjalnesinga www.kjalarnes.is sendir sjálfkrafa út raf-póst til þeirra sem skrá sig á póstlistann þegar fréttir eða tilkynningar eru ritaðar á vefinn. Viljum við hvetja alla sem áhuga hafa á umhverfi sínu og samfélagi að skrá sig á póstlistann.

Vinsamlegast sendið okkur póst á kjalnesingur@kjalarnes.is og óskið eftir að verða skráð á póstlistann.

FÉLAGSHEIMILIÐ FÓLKVANGUR

Fyrir fermingarveisluna, brúðkaupið eða afmælið



Fólkvangur er heillandi samkomustaður í fjöru-borðinu.

Allar nánari upplýsingar og bókanir hjá Soffiu Sóleyju í síma 662 5566.

Sögufélagið Steini á Kjalarnesi

Fræðsluskilti:

Eins og glöggir menn hafa tekið eftir, hafa verið sett upp tvö falleg fræðsluskilti um sögu Kjalarness og staðhætti. Annað



Skiltið á Klébergi

skiltið er við Esjuskála og hitt úti á Klébergi móts við Íþróttamiðstöðina. Skiltunum er ætlað að vekja athygli gesta og gangandi á sögu svæðisins, staldra við og kynna sér staðhætti og hvað svæðið hefur náðar upp á að bjóða. Það kom í hlut Sögufélagsins Steina að vinna textann og grúska í heimildum og myndum vegna skiltanna, algjörlega í sjálfbóða-vinnu. Hönnuður er Árni Tryggvason en Reykjavíkurborg og hverfisráð Kjalarness stýrðu verkinu og er það kostað það úr svokölluðum hverfapotti. Þetta heppnaðist með ágætum og er vilji til að halda áfram verkinu og setja upp þrjú skilti til viðbótar nú um og eftir áramótin.

Að undanförmu hefur félagsstarfið því nánast eingöngu snúist um að safna efni saman og meðal annars verið leitað til heimamanna og komið saman í Fólkvangi af því tilefni til skrafs og ráðagerða. Kann sögufélagið því fólki kærar þakkir fyrir sem gaf sér tíma til þess. Skiltin þrjú verða; jarðfræðiskilti við áningarstað við Sjávarhóla, um Kjalnesinga sögu, ásamt örnefna- og söguskilti á Klébergi til viðbótar því sem þar er fyrir. Þar með verður örnefnahringnum lokað, séð frá Klébergi, sem hófst með fyrsta skiltinu þar og var hugmynd Þorsteins Broddasonar fyrrum kennara í Klébergsskóla.



Kvenmenn njóta útsýnis úr Kvensöðli

Fræðsluferðir

Nokkrir félagar sf Steina, tóku sig saman í haust og gengu inn í Blikdal til að gá að seljatóftum, sem þar eru nokkrar. Þar bjó fólk fyrr á öldum sumarlengt og hafði búfénað í seljum, grjót og torfkofum, m.a. frá Saurbæ og Brautarholti. Það var gert til að nýta betur búsmala og beitarsvæði. Það reyndist Steina félögum nokkuð harðsótt og tafsamt að ganga með kalsavindinn í fangið inn Blikdalinn langa, en seljatóftirnar eru fyrir miðjum dal. Ekki hafðist það af heimsækja þær að þessu sinni, en fullur hugur stendur til að bæta úr því. Gerð er ágæt grein fyrir staðsetningu seljanna á vef ferlir.is.

Það var síðan snemma vetrar í blíðviðri, að smáhópur Steinafélaga gekk á Kvensöðul, sérkennilegan berghnúk ofan Dýjahlíðar í um 200 m hæð. Þeir eru reyndar tveir hnúkarnir, kallaðir Kvensöðlar, en þá má deila um hvort þeir séu tvær bríkur á einum söðli Tröllskessunnar, eða tveir söðlar. Af þeim neðri er alla vega gott útsýni yfir Kjalarnesið.

Á bakaleiðinni var leitað að Gvendarbrunni, sem sagður var inn undir Esju ofan Árvalla. Hann fannst þar innan girðingar, nærri gömlu þjóðleiðinni, grjóthleðsla og nokkur nýrri, líklega



Gvendarbrunnur

vatnsbólsmannvirki. Sprettur þar upp kröftug vatnslind. Er nú auglýst eftir sögunni bak við nafngiftinni eða staðnum; var Guðmundur hinn góði biskup á Hólum (1203 - 1237) hér á ferð sem víðar og vígði brunninn eða fór í fótabað? Áhugasamir um sögu Kjalarness og hugsanlega fleiri sögutengdar gönguferðir í nágrenninu er velkomnir, og bent á að hafa samband við sögufélagið Steina, sjá vefsíðu Kjalarnes.is/saga

Áhugasamir um sögu Kjalarness og hugsanlega fleiri sögutengdar gönguferðir í nágrenninu er velkomnir, og bent á að hafa samband við sögufélagið Steina, sjá vefsíðu Kjalarnes.is/saga

Stjórn sögufélagsins Steina
teddi@kjalarnes.is

Hverfisráð Kjalarness og umferðaröryggismál

Ráðherraheimsókn

Hverfisráð Kjalarness fékk góða heimsókn í október. Það voru Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra, Hreinn Haraldsson vegamálastjóri og Sigurbergur Björnsson skrifstofustjóri í innanríkisráðuneytinu sem komu á fund ráðsins. Eftir umræðu um ástand vega á Kjalarnesi var farið í skoðunarferð um



Sigríður Pétursdóttir, Eldey Huld, Hreinn Haraldsson, Sigurbergur Björnsson, Ögmundur Jónasson, Hólmur Þór Stefánsson, Sveinbjörn Grétarsson og Hafsteinn Númason

svæðið. Ekið var eftir Brautarholtsvegi og gestunum bent á hversu hættulegur vegurinn er öllum vegfarendum, einkum þó þeim sem eru gangandi og hjólandi. Síðan var ekið að Saurbæ og bent á hversu hættulegt getur verið að aka út af eða inn á þjóðveginn þar sem umferð er hröð og mikil. Að síðustu var farið um Esjuveg frá Vallá að Kirkjulandi. Ástand vegarins hefur lengi verið óviðunandi og er mikilla úrbóta þörf á honum.

Umræður hverfisráðsins og gestanna snerust um hvernig unnt væri að bæta umferðaröryggi á Kjalarnesi, einkum á Brautarholtsvegi og á þjóðveginum, t.d. með því að gera gatnamót hættuminni.

Undirtektir vegamálastjóra og ráðherra voru jákvæðar og eru bundnar miklar vonir við að farið verði í framkvæmdir sem auka umferðaröryggi á Kjalarnesi á næsta ári.

Sigríður Pétursdóttir formaður

Jólatrjáasala að Fossá í Hvalfirði

Hefð hefur skapast fyrir því að Fossá Skógræktarfélag bjóði fólki að koma og velja sér jólatré úr skógræktinni að Fossá í Kjós og með því aðstoðað við gríjun á svæðinu. Þessi þáttur hefur verið einn af megin stólpum í fjármögnun Fossá Skógræktarfélags undanfarna áratugi.

Opið verður laugardaginn 22. des. kl. 11 – 16.

Skógræktarfélag Kjalarness ásamt skógræktarfélagunum í Kjós, Mosfellsbæ og Kópavogi eru eigendur að Fossá.

Umhverfisverðlaun hverfisráðs Kjalarness 2012

Leikskólinn Berg og íbúar að Búagrund 9 fengu umhverfisverðlaun hverfisráðsins 2012.

Undanfarin ár hefur hverfisráð Kjalarness veitt umhverfisverðlaun á Kjalarnesdögum. Í ár voru veitt tvenn verðlaun og voru það annars vegar Leikskólinn Berg og hins vegar íbúarnir að Búagrund 9 sem fengu verðlaunin.

Verðlaunahafarnir að Búagrund 9 eru Hjördís Henrysdóttir og Gísli Þorsteinsson. Garðurinn þeirra er einstaklega fallegur og snyrtilegur, vel skipulagður og er honum mjög vel við haldið. Í garðinum er fjölbreytt úrval plantna, bæði trjáplantna, blóma og matjurta. Garðurinn er þannig skipulagður að auðvelt er að njóta útiveru í honum allan ársins hring og hafa verið byggðir pallar og skýli til að auðvelda það. Garðurinn snýr að fjörunni og er opinn þannig að útsýni er einstakt og hefur tekist vel til við að nýta kosti staðsetningarinnar á Kjalarnesi.



Íris Fjola Bjarnadóttir, Hólmur Þór Stefánsson, Sigríður Pétursdóttir, Ingibjörg Elísabet Jónsdóttir, Valdís Edda Hreinsdóttir, Hjördís Henrysdóttir og Gísli Þorsteinsson

Þá er snyrtilegur frágangur á safnhaug til moltugerðar til fyrirmyndar.

Það var Ingibjörg E. Jónsdóttir leikskólastjóri sem tók við verðlaunum leikskólans Bergs.

Kjalnesingar eru heppnir að eiga leikskóla sem er til fyrirmyndar í umhverfismálum þar sem lagður er grunnur að góðum lífsvenjum barnanna til framtíðar.

Skólahúsið sjálft er byggt úr umhverfisvænum efnum og skólalóðin er sérlega falleg og fellur vel að umhverfinu á Klébergi. Viðurkenningin er veitt fyrir snyrtilegt umhverfi sem er vel við haldið. Skólastarfið teygir sig út fyrir hin eiginlegu mörk lóðarinnar þar sem nærumhverfið er nýtt og börnin fara reglulega í fjöruna í næsta nágrenni skólans og halda henni hreinni. Jafnframt því sem lífverur í fjörunni eru skoðaðar er það sem ekki á heima þar fjarlægð. Í leikskólanum er markvisst unnið með umhverfi skólans innan lóðar sem utan og getum við verið stolt af því starfi sem unnið er þar. Þess má geta að skólinn er Grænfánaskóli.

Sigríður Pétursdóttir formaður hverfisráðsins

Munið viðtalstíma hverfisráðsins

í Fólkvangi milli kl. 18 og 19. fyrsta fimmtudag í mánuði.

Grenndarstöðin og bláa tunnan

Með nýja sorphirðukerfinu sem innleitt var í haust er markmiðið að hvetja til aukinnar flokkunar á heimilissorpi. Með aukinni flokkun er hægt að auka endurvinnslu pappírs sem bæði er hagkvæm og gefur umhverfislegan ávinning. Auk þess dregur um leið verulega úr því magni sem í dag er urðað.

Á Kjalarnes er komin 101 blá tunna í því átaki sem gert var í haust. Þetta er 50% þátttaka því á Kjalarnesi eru liðlega 200 heimili. Auk þess eru nokkur heimili á Kjalarnesi með endurvinnslulát frá Gámabjónustunni eða Íslenska gámafélaginu. Kjalnesingar hafa því tekið vel við sér.



Skil á grenndarstöðina hafa aukist verulega. Fyrir 1. október var 4 vikna losun á pappírsgámnum en nú er svo komið að losa þarf a.m.k. aðra hverja viku. Um miðjan desember var komið upp nýrri aðstöðu vestan við Olís planið fyrir grenndargámanna og þeim fjölgað. Með vorinu verður trjágróðri plantað kringum þessa aðstöðu til að gera hana enn ásjálegri. Nú er þarna gámur fyrir pappír og blöð, gámur fyrir plast og gámur fyrir glerlát. Þá er lítið box fyrir rafhlöður og síðan einn gámur fyrir skilagjaldsskildar umbúðir en allur ágóði af þeim rennur til björgunarsveitarinnar Kjarar sem sér um þann gám.

Áfram verður tekið á móti skilagjaldsskildum umbúðum í áhaldahúsinu en þar er nú opið á föstudögum milli kl. 15 og 19.

ÁH

Grænt Kjalarnes

Grænt Kjalarnes er upphaflega heiti á framtíðarsýn og stefnu sem hvetti íbúa og yfirvöld til að stefna í átt að vistvænum lausnum. Aðdraganda þess má rekja allt aftur til norræns verkefnis sem gamli Kjalarneshreppur tók þátt í varðandi notkun safnkassa og uppbyggingu á vistvænu samfélagi á tíunda áratug síðustu aldar. Þá var haldið áfram með þessa hugmyndafræði í sameiningu Reykjavíkur og Kjalarness árið 1998 þegar áhersla var lögð á að viðhalda sveit í borg og enn frekar unnið úr hugmyndinni á stóru íbúaþingi sem haldið var árið 2002.

Undanfarin ár hafa Íbúasamtök Kjalarness tekið þetta upp m.a. með hugmyndum um heilsutengt Kjalarness út frá mat og hreyfingu og fjallað um hvernig best væri að fá fleiri til liðs.

Það er svo ótal margt sem getur fallið undir Grænt Kjalarnes eins og nýleg vinna og bæklingur um heilsutengt Kjalarnes. Nærtæk er áherslan á úrgangsmálin með það að markmiði að minnka urðun. Afar mikilvægt er að virkja leik- og grunnskóla til meðvitundar um græna hugsun og sjálfbærni. Hvað með að endurvekja skólagarða?

Almenn þátttaka í moltugerð getur stórminnkað sorp og ef lífrænn úrgangur minnkar er auðveldara að nota grænu tunnuna sem losuð er aðra hverja viku. Verkefnin eru óþrjótandi og í niðurstöðum íbúaþings vorið 2010 var rætt um þörfina á að móta stefnu fyrir Kjalarnes varðandi grænar áherslur.

Hverfisráð Kjalarness hefur boðað til vinnufundar um þetta verkefni laugardaginn 19. janúar en þar er Grænt Kjalarnes skilgreint á eftirfarandi hátt:

„Sérkenni Kjalarness felst í því að vera grænt viðáttumikið dreifbýlissvæði innan marka Reykjavíkurborgar. Með því að vinna að þróun svæðisins undir fyrirsögninni Grænt Kjalarnes er verið að móta framtíðarsýn fyrir svæðið þar sem byggt er á þessu sérkenni og um leið möguleikum þess á að auka lífsgæði fólks. Framtíðarsýnin leggur áherslu á að viðhalda og vernda Kjalarnes sem opið og dreifbýlt svæði innan borgarmarkanna en einnig að íbúar svæðisins og þéttbýlisins hafi aðgengi að grænum svæðum í tengslum við fræðslu og frístund.“

Vonandi næst þá breið samstaða um þetta verkefni.

ÁH

Styrkjum björgunarsveitina Kjöl

Flugeldasala frá 28. desember

FÉLAGSHEIMILIÐ FÓLKVANGUR

Fyrir fermingarveisluna, brúðkaupið eða afmælið



Fólkvangur er heillandi samkomustaður í fjörobörðinu.

Allar nánari upplýsingar og bókanir hjá Soffiu Sóleyju í síma 662 5566.



Ökumennt

Ökukennsla, Akstursmat, Endurtökupróf



Pétur Þórðarson

Ökukennari

Búagrund 1, Kjalarnesi

s. 892 7480

okunam@okunam.is

www.okunam.is

Skógræktarfélag Kjalarness gefur tré til gróðursetningar.

Síðast liðið vor ákvað stjórn Skógræktarfélags Kjalarness að gefa tré til plöntunar við útikennslustofu skólans, til frekara skjóls. Keypt voru tré úr skógræktinni að Fossá í Hvalfirði sem



Gróðursetningin við útistofuna

er eitt af skógræktarsvæðum sem félagið hefur til ræktunar ásamt þremur öðrum skógræktarfélögum. Fékk félagið styrk úr Pokasjóði í það verkefni og voru starfsmenn Umhverfis- og samgöngusviðs Reykjavíkurborgar okkur innan handar við að koma trjánnum fyrir, ásamt fleiri aðilum sem komu að flutningi trjáanna. Allir eiga þessir aðilar okkar bestu þakkir fyrir.

Jóhanna og Baldvin

Kvenfélagið Esja

Árið 2012 hefur verið mjög gott hjá Kvenfélaginu Esju. Konurnar í félaginu eru að standa sig vel í fjáröflun fyrir félagið. Allur ágóði félagsins fer til barnanna á Kjalarnesi.

2010 - 2012 hefur félagið gefið Sundugga fyrir yngstu börnin í Klébergsskóla en UMFK hefur líka afnot af þeim við sundkennslu.

15 svuntur fyrir heimilisfræðina voru saumaðar, gefnir voru 5 skjávarpar og er 1 af skjávörpunum gjöf frá Stjörnugrís.

Foreldrafélag leikskólans á Bergi hefur fengið 2 styrki, sá fyrri voru veitingar fyrir alla sem fóru í sveitarferðina sem var farin í byrjun sumars og sá seinni var kr.54.000.- sem var ágóði af Krakka Hrekkjavökuþingi Kvenfélagsins sem var haldið 7. október síðastliðinn og tókst virkilega vel og allir skemmtu sér vel.

Basar Kvenfélagsins sem var haldinn 1. desember í Fólkvangi gekk mjög vel og vill Kvenfélagið þakka stuðninginn.

Kvenfélagið Esja



Hallveig gjaldkeri kvenf. Esju afhendir Soffíu gjaldkera foreldrafél. kr. 54 þús

Sjósund á Kjalarnesi

Í Hofsvíkinni á Kjalarnesi er frá náttúrunnar hendi mjög góð aðstaða til sjósunds. Þetta hafa nokkrir Kjalnesingar nýtt sér í gegnum tíðina. Í sumar bættist góður liðsauki sem eru félagar úr sjósundsfélagi Reykjavíkur. Í lok ágúst mættu vegna hvatningar heimamannsins Eiríks Sigurðssonar í Skriðu á þriðja tug sundfélaga og lögðust til sunds í 13°C sjávarhita. Dásömuðu þau þennan stað og sögðu "að sjórinn sé tær og



hreinn". "Þetta er flottur staður fyrir sjósund". Þá sögðu þau að sjórinn væri mjúkur og þarna væri líka skemmtilegur gróður og smá undiralda.

Það var ánægjulegur stuðningurinn sem sjósundsáðstaðan fékk í íbúakosningunni fyrr á árinu og kominn er upp veglegur pallur til þess að hengja af sér. Vonandi kemur síðan stígninn fljótlega niður bakkann og lagfæring á stíg frá sundlauginni og niður að þessari aðstöðu. Þá hefur sjósundshópurinn sem mætir þarna reglulega bent á nokkur atriði sem gott væri að hafa í huga við uppbyggingu þessarar aðstöðu eins og heitar útisturtur, lýsingu, lagfæringu í fjöruborðinu með því að fjarlægja þara og nokkra steina ásamt því að fá skeljasand í fjöruna.

Sérstaðan okkar hér á Kjalarnesi er Klébergslaugin sem er nánast í fjöruborðinu og nýtist því afar vel þeim sem stunda sjósund. Því er afar ánægjulegt að fá þessar góðu undirtektir félaganna í sjósundsfélagi Reykjavíkur því þetta er einn af fjölmörgum þáttum sem á að hlúa að til að efla aðsóknina að Klébergstorfunni.

ÁH

**Kvenfélagið Esja óskar Kjalnesingum
og öðrum velunnurum félagsins
gleðilegra jóla og farsæls nýs árs.
Þökkum stuðninginn á árinu.**

FÉLAGSHEIMILIÐ FÓLKVANGUR

Fyrir fermingarveisluna, brúðkaupið eða afmælið



Fólkvangur er heillandi samkomustaður í fjöruborðinu.

**Allar nánari upplýsingar
og bókanir hjá
Soffíu Sóleyju
í síma 662 5566.**

Þróunarfélag Kjalnesinga

Þróunarfélagið hefur verið að leita eftir áhugasömum aðilum til að byggja sér atvinnuhúsnæði hér á Kjalarnesinu. Iðnaðarlóðirnar eru við Norðurgrund en verslunarlóðin við Vallargrund. Hefur það áður verið auglýst undir nafninu IÐNGARÐAR.

Atvinnulóðir við Norðurgrund:

Nokkrir hafa verið að skoða byggingu iðnaðarhúsnæðis og er áhugi þeirra mikill að hefjast handa. Lóðirnar við Norðurgrund leyfa 255 til 760 fermetra byggingu. Möguleikarnir til að taka þátt í þessu verkefni eru opnir ýmskonar starfsemi. T.d. gæti verið tilvalið að koma þarna upp skrifstofu aðstöðu, hverskonar vinnustofum og verslunaraðstöðu. Möguleikarnir eru óendanlegir að segja má.

Verslunarlóð við Vallargrund:

Við Vallargrund stendur lóð Olís en samkvæmt deiliskipulagi er gert ráð fyrir að sú lóð geti stækkað í áttina að Áhaldahúsinu. Er hér um að ræða u.þ.b. 8.500 fermetra lóð í heildina. Líklega mun það vera nokkuð stórt verkefni að fara í frekari nýtingu hennar.

Kynning á löngörðum:

Fyrirhugað er að kynna þetta verkefni á upphafi nýs árs. Nánari tímasætning er ekki komin en gera má ráð fyrir að það verði auglýst á kjalarnes.is fljótlega í janúar. Þá verða lagðar fram hugmyndir að byggingu og fyrirkomulagi við framkvæmdina, byggingarkostnaði í grófum dráttum ásamt fjármögnunarmöguleikum.

Arnarholt:

Þróunarfélagið hefur í eitt og hálft ár verið að leita leiða til að fá Arnarholtið undir atvinnustarfsemi. Ríkið er eigandi þess að



85% hlut á móti Reykjavíkurborg sem á 15%. Arnarholtið hefur verið í söluferli aftur og aftur á þessum tíma en ekki hefur komið tilboð sem ásættanlegt hefur verið, m.a. bauð Þróunarfélagið 1 kr í eignina. Nú fyrir skemmstu barst 105 millj. kr. tilboð í Arnarholtið og frést hefur að það hafi kætt söluaðila en ekki hafa borist fregnir af undirskriftum enn.

Guðni Indriðason

Renta ehf. ökukennsla

Ökukennsla - Akstursmat - Endurtökupróf - Bíll - Mótorhjól




Eiríkur Hans Sigurðsson, löggiltur ökukennari, sími.: 895 8125
renta@renta.is - www.renta.is



Fjöllin okkar 2013

- | | |
|--|--|
| 12. jan laugard Helgafell | 1.- 2. jún helgi Þórsörk |
| 19. jan laugard Hafrahlíð - Reykjaborg | 5. jún miðvikud Hrómundartindur |
| 26. jan laugard Reykjafell - Æsustaðafell | 15. jún laugard Hvalfell um Glym |
| 3. feb sunnud Skálafell | 21. ágúst miðvikud Geitahlíð |
| 10. feb sunnud Meðalfell í Kjós | 28. ágúst miðvikud Þríhnúkur |
| 17. feb sunnud Eyrafjall - Sandfell | 4. sept miðvikud Mosfell |
| 24. feb sunnud Hvirfíll - Grindarskörð | 15. sept sunnud Skessuhorn |
| 2. mars laugard Þorbjörn | 22. sept sunnud Högnhöfði - Brúarárskörð |
| 9. mars laugard Vörðufell - Eldborg v/ Kleifarvatn | 29. sept sunnud Brekkukambur |
| 16. mars laugard Geitafell | 5. okt laugard Móskarðahnúkur - Kjós |
| 23. mars laugard Smáþúfur | |
| 29. mars föstud Hengill langur | |
| 3. apr miðvikud Sauðadalshnúkur | |
| 10. apr miðvikud Bollarnir - Grindarskörð | |
| 17. apr miðvikud Reynivallaháls | |
| 25. apr fimmtud Djúadalshnúkur um Þjófagil | |
| 4. maí laugard Botnssútur | |
| 11. maí laugard Akrafjall | |
| 18.-19. maí helgi Hvannadalshnúkur - Kristínartindar | |
| 29. maí miðvikud Sveifluháls | |



Fylgjumst með á facebook  fjallavinir.is



Útvega mold og grús.

Vinnuvélar, krani og vörubílar í ýmsum stærðum til garðvinnu, stíga- og veglagninga o.s.f.v.

Á döfinni hjá UMFK

Miklar breytingar hafa orðið hjá UMFK núna í haust og tók félagið aðra stefnu en verið hefur. Stjórnin tók þá ákvörðun að einblína á einstaklings íþróttir og að gefa börnum tækifæri á því að kynnst sem flestum íþróttum sem mögulega væri hægt að stunda hér á Kjalarnesi. Í boði er íþróttafjör fyrir 1.-4. bekk, íþróttaskóla fyrir 3-5 ára, frjálsíþróttir fyrir öll börn í grunnskóla aldri og einnig sund. Eins höfum við verið með parkour fyrir 3.-10. bekk.

Eftir áramót munum við halda áfram að bjóða upp á þessar íþróttagreinar ásamt því að strax á nýju ári verið 6 vikna Yoga námskeið fyrir fullorðna og í framhaldi af því er ætlunin að bjóða upp á Zumba.ir börnin.

Félagslíf á vegum UMFK verður mjög gott og flott þennan veturinn. Við erum búin að hafa pizza og bíókvöld fyrir



iðkendur og fjölskyldur þeirra. Hið árlega jólabingó, var haldið í Fólkvangi þann 2. desember sl. Strax á nýju ári stefnum við á að hafa dagsmót í frjálsíþróttum þar sem bæði iðkendur og aðrir sem hafa áhuga fá að taka þátt, ungir sem alnir.

Fyrir árið 2013 er búið að leggja drög að mörgu skemmtilegu, eins og skemmtiferð fyrir alla iðkendur, að blóta þorann í febrúar í samstarfi við Kvenfélagið Esju, páskabingó, sundlaugapartýi fyrir iðkendur og svo ljúkum við vetrarstarfinu með okkar árlega vorhátíð í maí.

Síðustu æfingar hjá okkur fyrir jól voru 14. desember og munu svo hefjast aftur af fullum krafti 7. janúar. Fylgist vel með heimasíðunni okkar www.umfk.is þar sem það gætu orðið smávægilegar breytingar á æfingatöflunni okkar.

Við óskum Kjalnesingum öllum, gleðilegra jóla og farsældar á komandi árum. Þökkum gott samstarf á árinu sem senn er liðið.



Jóla Sveigja
Birgitta íþróttafulltrúi
og stjórn UMFK

Foreldrafélag Klébergsskóla

Í lok síðasta starfsárs gaf foreldrafélagið hljóðkerfi til Klébergsskóla að verðmæti kr.90.000.- en sú fjárhæð hefur safnast saman á nokkrum árum og vonumst við til þess að geta gefið skólanum aðra gjöf næsta vor. Starf foreldrafélagsins er komið af stað á þessum vetri og við hvetjum foreldra barna í Klébergsskóla að greiða árgjaldið inn á reikning foreldrafélagsins 0549-14-400941 kt.581201-2570 kr. 2.300.- fyrir 1 barn og ef þið eigið 2 eða fleiri börn kr. 4600.- að hámarki.

Fyrsta verkefni félagsins var að samþykkja ný lög fyrir foreldrafélagið. Úr stjórn gekk Sigrún Jóhannsdóttir og þökkum við henni fyrir vel unnin störf en hún er þó ekki alfarin af þessum vettvangi þar sem hún ásamt formanni foreldrafélagsins situr í skólaráði Klébergsskóla. Enn vantar 2 stjórnarmenn í foreldrafélagið og einn varamann og geta áhugasamir foreldrar haft samband við formann vilji þeir gefa kost á sér að starfa fyrir foreldrafélagið. Í stjórn núna eru Maríanna Hugrún Helgadóttir formaður, Soffía Sóley Þráinsdóttir gjaldkeri, Ásthildur Kolbeins varaformaður og ritari og Guðrún Dögg Gunnarsdóttir varamaður.

Foreldrafélagið stóð fyrir óvissugleði í október fyrir 10 bekk- inga í tilefni að þau höfðu lokið við samræmdu prófin. Farið var í ratleik, búin til pizza, sungið við varðeld í útistofunni og horft á norðurljósin.

Foreldraröltið er hafið og eru bekkjarfulltrúarnir hvattir til þess að manna sínar helgar. Einnig bendum við á heimasíðu foreldrafélagsins sem er undir klebergsskoli.is velja svo foreldrar og þar undir kemur foreldrafélagið.

6 desember var haldið jólaföndur í Klébergsskóla, þar sem börn og foreldrar skemmtu sér saman við að föndra. Pipar- kökuhúsakeppni fór fram og bárust 15 hús í keppnina, dóm- nefndinni leist svo vel á öll húsinn að allir fengu verðlaun.

Stjórn Foreldrafélags Klébergsskóla



FÉLAGSHEIMILIÐ FÓLVANGUR

Fyrir fermingarveisluna, brúðkaupið eða afmælið



Fólvangur er heillandi samkomustaður í fjöru- borðinu.

Allar nánari upplýsingar og bókanir hjá Soffíu Sóleyju í síma 662 5566.



Jólasveinar í heimsókn á aðfangadagsmorgun



Við ætlum að aðstoða jólasveinana við að dreifa pökkum til barna í Grundarhverfi.

Sveinarnir áætla að vera á ferðinni á Kjalarnesi aðfangadagsmorgun kl 9:30 – 11:00.

Best er að koma pökkunum í Jörfagrund 4 á Þorláksmessu.

Muna að merkja pakkana vel, nafn og heimilisfang.

Verð pr. pakka kr 500, hámark 1000 kr á heimili.



Með kveðju – Foreldrafélag Leikskólans Bergs
(Er að leysa björgunarsveitina Kjöl af þetta árið)

Soffía Sóley s: 867-2331





Kynningarfundur

10. janúar 2013

í Framheimilinu Safamýri
kl. 19:00

Fjallavinir.is kynna þar
starfið fyrir árið.

Fylgjumst með á facebook  fjallavinir.is

www.fjallavinir.is 

Foreldrafélag leikskólans Bergs

Foreldrafélag leikskólans á Bergi langar að þakka Kvenfélaginu Esju fyrir 2 frábærar gjafir á árinu sem er að líða. Í boði Kvenfélagsins voru pylsur, safi og meðlæti sem voru veitt í Sveitarferð Leikskólans í byrjun sumars, allir skemmtu sér vel og gestrisnin á Grjóteyri var alveg frábær.

Í lok júní var haldin sumarhátíð Foreldrafélags og var þemað vatn, vatn og aftur vatn, börn og foreldrar skemmtu sér stórvel í blíðunni, hátíðin var haldin í garðinum í Leikskólanum. Foreldrafélagið bauð upp á veitingar sem slógu auðvitað í gegn.

Aðalfundur Foreldrafélagsins var haldin 4 okt. síðastl. og þar voru kvaddir 2 stjórnarmenn, Bjarni Atlason og Maríanna Helgadóttir og vill félagið þakka þeim kærlega fyrir þeirra störf. Núverandi stjórn er Birgitta Maggý formaður, Soffía Sóley gjaldkeri og Lára Kristín ritari.

Börnin á Bergi hittust ásamt foreldrum í Fólkvangi í nóvember og bökuðu piparkökur og skreyttu sem voru svo seldar á basar sem Kvenfélagið var með 1 des. í Fólkvangi og þar var einnig seldar kökur sem foreldrar barnanna komu með, kort með myndum frá börnunum gerðu líka mikla lukku og þetta fer svo allt í sjóð barnanna kr. 27.500.-

Seinni gjöfin frá Kvenfélaginu Esjunni kr.54.000.- á eftir að ráðstafa, verið er að skoða leiksýningar sem gætu hentað börnunum.

Stjórn Foreldrafélags leikskólans Bergs

Heilsustefna Grafarvogs og Kjalarness

Nýverið var bæklingurinn „Heilsustefna Grafarvogs og Kjalarness“ gefin út. Bæklingnum var dreift á öll heimili í Grafarvogi og á Kjalarnesi. Heilsustefna Grafarvogs og Kjalarness er samstarfsverkefni forvarnateymanna „Gróska í Grafarvogi“ og „Búi á Kjalarnesi“. Forvarnateymin eru bæði skipuð fulltrúum ýmissa stofnana og félaga í hverfunum. Miðgarður, þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness fer með stjórn forvarnateymanna.

Tilgangur heilsustefnunnar er að hvetja börn og ungmenni til að tileinka sér heilsusamlegan lífsstíl. Til að svo geti orðið er mikilvægt að umhverfi, aðbúnaður, viðhorf og samskipti séu með þeim hætti að það eflí sjálfstraust þeirra og styrkleika.

Útgáfa bæklingins er jafnframt hluti af stærra verkefni sem stefnt er að fari af stað í byrjun næsta árs og nefnist „Grafarvogur og Kjalarnes, heilsueflandi hverfi“. Heilsueflandi hverfi byggir á öðru verkefni sem nú þegar er farið af stað í flestum grunnskólum hverfanna og kallast „Heilsueflandi grunnskóli“. Borgarholtsskóli, framhaldsskólinn í Grafarvogi, er auk þess þátttakandi í verkefninu „Heilsueflandi framhaldsskóli“. Þessi verkefni eru bæði unnin í samvinnu við Embætti landlæknis.

Íbúar eru hvattir til að geyma bæklinginn því hvert eintak er númerað (frá 0001 – 6310) og verða mánaðarlega dregnir út glæsilegir vinningar. Skilyrði fyrir afhendingu vinninga er að viðkomandi geti framvísað númeraðri heilsustefnu. Í vinning er m.a. gjafakort í Bónus, fjölskyldumáltíð í boði Nings, fjölskylduspil, jólatré og margt margt fleira. Fyrsti vinningur verður dreginn út um miðjan október.

Vinningsnúmer verða birt á heimasíðu Miðgarðs, www.midgardur.is, sem og í Grafarvogsblaðinu og Kjalarnesingi.

Kær jólakveðja,
Forvarnateymin
Búi á Kjalarnesi og
Gróska í Grafarvogi



Klébergslaug

Íþrótt- og tómstundaráð Reykjavíkur samþykkti á fundi sínum þann 14. desember 2012 að veita börnum að 18 ára aldri frían aðgang í laugarnar í Reykjavík frá 20. desember næst komandi til og með 31. janúar 2013.

Íþrótt- og tómstundaráð vill með þessari tillögu hvetja börn til sundiðkunar í jólaleyfi skólanna og í mesta skammdeginu. Tilvalið er fyrir fjölskyldur að sækja saman laugarnar yfir hátíðarnar, enda afgreiðslutími lauganna mikill.

Frítt í sund fyrir alla 17 ára og yngri til 31. janúar 2013

Jólatrjáasala að Fossá í Hvalfirði

Hefð hefur skapast fyrir því að Fossá Skógræktarfélag bjóði fólki að koma og velja sér jólatré úr skógræktinni að Fossá í Kjós og með því aðstoðað við grisjun á svæðinu. Þessi þáttur hefur verið einn af megin stólpum í fjármögnun Fossá Skógræktarfélags undanfarna áratugi.

Opið verður laugardaginn 22. des. kl. 11 – 16.

Skógræktarfélag Kjalarness ásamt skógræktarfélagunum í Kjós, Mosfellsbæ og Kópavogi eru eigendur að Fossá.

FÉLAGSHEIMILIÐ FÓLVANGUR

Fyrir fermingarveisluna, brúðkaupið eða afmælið



Fólkvangur er heillandi samkomustaður í fjöru-
borðinu.

Allar nánari
upplýsingar og
bókanir hjá
Soffíu Sóleyju
í síma 662 5566.



Þorrablót Kjalnesinga

Hin víðfrægu og eftirsóttu þorrablót í Fólkvangi á Kjalarnesi verða nú endurvakin.

Laugardaginn 16. febrúar 2013 mun UMFK og kvenfélagið Esja halda þorrablót fyrir Kjalnesinga í Félagsheimilinu Fólkvangi

ÁGÆTU KJALNESINGAR

Takk fyrir að flokka!

PAPPÍR ER EKKI RUSL



Alit um breytta sorphirðu í hverfinu þínu er að finna á pappirerekkirusi.is

Reykjavíkurborg SORPA

AÐALFUNDUR Íbúasamtaka Kjalarness

verður haldinn í lok janúar 2013.

Þrátt fyrir afbragðs mönnun í stjórn og varastjórn þá bjóðum við áhugasama mikið meira en velkomna til að taka þátt í fjölbreyttu starfi Íbúasamtaka Kjalarness.

“pú”@kjalarnes.is

Stjórn Íbúasamtaka Kjalarness býður áfram Kjalnesingum að fá netfang @kjalarnes.is.

Að sjálfsögðu eigum við öll sem búum hér að vera með netfangið @kjalarnes.is, það er stór hluti af samstöðu okkar um okkar hverfi.

En að sjálfsögðu þarf að greiða lítilsháttar fyrir þetta, eða kr. 2.000 á ári til að mæta þeim kostnaði sem Íbúasamtökin þurfa að standa skil á við rekstur pósthússins.

Hafðu samband við einhvern af stjórnarmönnum Íbúasamtakanna og viðkomandi aðstoðar þig með málið eða sendu póst á ik@kjalarnes.is.

Ábending um lausagöngu hunda

Borið hefur á lausagöngu hunda í Grundarhverfi þar sem þeir eru í einhverjum tilvikum að veitast að fólki. Hlutaðeigandi eru beðnir um að taka á þessum málum og virða reglur um hundahald.

Kjalnesingar!

Fylgist með “á döfinni” inni á www.kjalarnes.is þar sem finna má ýmsa viðburði okkar KJALNESINGA.

Pípulagnaþjónusta

Viðhald - Viðgerðir - Breytingar

Maggi pípari,

S: 898-8870

Félagsheimilið Fólkvangur

Fyrir fermingarveislur, brúðkaup og afmæli.

Bókanir í síma 662 5566



FLUGELDAR – FLUGELDAR



Flugeldasala Björgunarsveitarinnar á Kjalarnesi verður í gámum
á gamla Sorpuplaninu við áhaldahúsið.

Opnunartímar eru ;
28. desember kl 13 – 22
29. desember kl 11 – 22
30. desember kl 11 – 22
31. desember kl 10 – 16

Styrkjum sjálboðaliðastarf björgunarsveitar í heimabyggð
www.bjsvkjolur.is

HELGIHALD Í BRAUTARHOLTSSÓKN

Aðfangadagur kl. 17:00 - Aftansöngur í Brautarholtskirkju.

Aðfangadagskvöld kl. 22:00 - Helgistund í Saurbæjarkirkju.

Jóladagur kl. 11:00 - Hátíðarguðspjónusta í Brautarholtskirkju, messunni verður útvarpað.

Gamlársdagur kl. 17:00 - Aftansöngur í Brautarholtskirkju.

20. jan. kl. 11:00 - Barnamessa í Brautarholtskirkju. Sr. Kristín Þórunn og Rannveig Iðunn.

27. jan. kl. 11:00 - Guðspjónusta í Brautarholtskirkju. Sr. Gunnar Kristjánsson.

3. febr. kl. 11:00 - Barnamessa í Brautarholtskirkju. Sr. Kristín Þórunn og Rannveig Iðunn.



Messur í Reynivallakirkju í Kjós:

Hátíðarmessa á jóladag kl. 14:00,

organisti: Páll Helgason,

einleikari á flautu: Brynhildur Ásgeirsdóttir

Gunnar Kristjánsson
sóknarprestur